



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. Þingskjal 1268 - 733. mál.


Háskóli Íslands fagnar öllum aðgerðum Alþingis sem miða að því styrkja fjárhagslega stöðu stúdenta á þessum erfiðu tímum. Háskólinn hefur áður vakið athygli á tengslum fjárhagsvanda nemenda og fjárhagsáhyggna annars vegar og brotthvarfs frá námi hins vegar (sjá t.d. umsögn skólans um frumvarp til laga um Styrktarsjóð íslenskra námsmanna). Af hálfu Háskólans hefur ekki verið lagt mat á það hver af mögulegum úrræðum löggjafans muni nýtast nemendum best, en skólinn hefur tekið virkan þátt í að tryggja að úrræði stjórnvalda um sumarstörf og sumarnám skili tilætluðum árangri. Við útfærslu á frekari úrræðum til handa háskólastúdentum telur Háskólinn mikilvægt að leitað sé eftir og hlustað á sjónarmið háskólastudenta.

Þá er tekið undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að tryggja háskólastúdentum aðgengi að traustri geðheilbrigðisþjónustu. Fylgst hefur verið náið með innlendum og erlendum könnunum á geðheilbrigði íslenskra háskólastudenta sem sýna margar hverjar að íslenskir háskólastúdentar þjást af streitu, kvíða og þunglyndi í ríkari mæli en aðrir evrópskir háskólastúdentar (sjá einkum *Eurostudent VI*). Kannanir innan Háskóla Íslands sýna að streita og kvíði hefur aukist á meðal stúdenta eftir að COVID-19 faraldurinn skall á og þarf það ekki að koma á óvart. Á undanförunum árum hefur Háskóli Íslands gripið til ýmissa ráðstafana til að efla geðheilbrigðisþjónustu til handa nemendum skólans og hafa þær ráðstafanir nýst vel í faraldrinum. Í því samhengi má nefna að skólinn hefur ráðið tvo sálfræðinga en fyrir var einn (allir þrír eru í 50% starfi), boðið nemendum upp á tvö HAM-námskeið á hverju misseri, eflt sálfræðiþjónustu sálfræðinema og boðið upp á ný hópmeðferðarúrræði doktorsnema í sálfræði, styrkt geðfræðslu Hugrúnar og styrkt nemendur við að koma upp hugleiðsluherbergjum. Boðið hefur verið upp á þessi úrræði nemendum að kostnaðarlausu eða gegn vægu gjaldi. Þetta átak hefur vakið athygli á meðal evrópskra samstarfsháskóla, þótt það standist ekki samanburð við geðheilbrigðisþjónustu bandarískra og kanadískra háskóla sem fremstir standa. Háskóli Íslands mun áfram leita leiða til að efla geðheilbrigðisþjónustu sína og lýsir sig reiðubúinn að deila reynslu sinni með öðrum háskólum sem efla vilja geðheilbrigðisþjónustu innan sinna vébanda.

Virðingarfyllst,



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar-og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26.maí 2020

Efni: Umsögn Öryrkjabandalag Íslands um þingsályktunartillögu um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19, 733.mál


Öryrkjabandalag Íslands tekur undir það að tryggja verði framfærslu námsmanna yfir sumartímann. Atvinnuleysi hefur aukist mikið í kjölfar COVID-19 og því tækifæri námsmanna til sumarstarfa takmörkuð. ÖBÍ fagnar því að stjórnvöld hafi farið í sérstakt átak með það að markmiði að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn en ljóst er að framboðið uppfyllir ekki eftirspurnina. Tryggja verður að fatlaðir nemendur fái tækifæri til sumarstarfa til jafns við aðra námsmenn og er vísað í 27. gr.samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks „að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnumarkaði“. Atvinnuleysi á Íslandi hefur aukist gríðarlega í kjölfar COVID-19 og sjá margir námsmenn fram á að eiga í alvarlegum fjárhagsvanda og hætta er á að brottfall aukist ef fólk sér ekki aðra lausn en að skrá sig úr skóla til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. ÖBÍ leggur til að horfið verði frá þeirri tillögu að í boði verði greiðsludreifingu á skráningargjöldum opinberu háskólanna og í stað þess verði þau felld niður til að sýna námsmönnum stuðning. ÖBÍ tekur undir það að tryggja verði þeim námsmönnum sem ekki fá störf rétt til atvinnuleysisbóta.

ÖBÍ fagnar því að auka eigi aðgengi námsmanna að geðheilbrigðisþjónustu en harmar að um afar tímabundna aðgerð sé um að ræða. Í greinargerðinni kemur fram að námsmenn eigi að fá allt að 15.000 króna endurgreiðslu á mánuði vegna útlagðs kostnaðar við sálfræðiþjónustu fram til 1. september. Það gefur auga leið að slíkar aðferðir eru ekki til þess fallnar að greiða aðgengi að sálfræðiþjónustu nema að afar litlu leyti. Fara verður í varanlegar aðgerðir til að tryggja sálfræðiþjónustu, ekki einungis í háskólunum landsins heldur á öllum skólastigum.

ÖBÍ leggur til að sálfræðipjónusta falli undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands til að tryggja að þjónustan sé raunhæfur kostur fyrir allt fólk óháð samfélagsstöðu.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir

formaður ÖBÍ



Reykjavík, 21. maí 2020

**Umsögn LÍS um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19,
733. mál**

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, þakka kærlega fyrir vel ígrundaðar tillögur um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. Hér á eftir kemur umsögn um þá hluta tillögunnar sem snerta stúdenta með beinum hætti.

Tillaga 1 - Réttur stúdenta til atvinnuleysisbóta

Það hefur verið skýlaus krafa stúdenta síðastliðnar vikur að þeim verði veittur réttur til atvinnuleysisbóta í ljósi þeirra alvarlegu aðstæðna sem eru á atvinnumarkaði. LÍS fagna því fyrstu tillögu skjalsins en telja að trögja verði rétt allra stúdenta til atvinnuleysisbóta í sumar, og þar með talinn rétt erlendra nema sem stunda nám á Íslandi sem og íslenskra námsmanna sem stunda nám erlendis til atvinnuleysisbóta. Samkvæmt námsmannaleyfi frá Útlendingastofnun er erlendum háskólanemum hvorki heimilt að vinna meira en því sem nemur 40% starfshlutfalli né vinna sjálfstætt. Vegna þessara takmarkana eru þeir þegar útilokaðir frá því að geta þegið atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun þar sem þær eru aðeins greiddar ef starfshlutfall hefur verið að minnsta kosti 50%. LÍS vísa í [umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins](#) fyrir frekari rökstuðning, sem og [grein](#) verðandi jafnréttisfulltrúa LÍS.

Tillaga 2 - Aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónstu

LÍS hafa um nokkurt skeið krafist þess að geðheilbrigðisþjónusta innan háskólakerfisins verði bætt til muna, úrræðum fjölgað og að minnsta kosti einu stöðugildi sálfræðings verði komið á innan hvers háskóla fyrir sig. LÍS fagna því sérstaklega tillögu 2 sem lýtur að því að aðgengi námsmanna að geðheilbrigðisþjónustu verði bætt en telja að breytingin ætti ekki að vera tímabundin. Sterk geðheilbrigðisþjónusta þarf að vera tryggð innan háskólanna til lengri tíma. Í þessu samhengi benda LÍS á [vfirlýsingu](#) sína um aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónustu sem gefin var út í tilefni herferðar LÍS sem ber heitið „Geðveikt álag“.

Tillaga 3

LÍS taka undir tillögu um að námsmenn sem sóttu um nám erlendis á vorönn 2020 geti sótt um endurgreiðslu á ferðakostnaði til Íslands enda var slíkur kostnaður ófyrirséður og óvæntur og hefur því að öllum líkindum sett strik í reikninginn fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis.

LÍS telja að skýra þurfi betur hvað sé átt við í tillögu um að þeir námsmenn sem sóttu nám erlendis á vorönn 2020 og geta ekki lokið önninni fái lánsupphæð sína fellda niður. LÍS leggjast alfarið gegn því að námsmenn sem hafa stundað nám erlendis fái ekki sín námslán ef þeir gátu ekki lokið önninni vegna heimsfaraldurs. Um er að ræða stúdenta sem hafa margir hverjir tekið lán hjá bönkunum til þess að sjá fyrir sér þar til þeir fengju námslánin greidd út og því myndi það setja þessa stúdenta í afar erfiða stöðu ef lánsupphæð þeirra verður felld niður. Nauðsynlegt er að LÍN meti námsárangur vorannar gildan fyrir námsmenn erlendis, ef þeir geta ekki uppfyllt skilyrði um lágmarksnámsframvindu vegna heimsfaraldursins, og þannig greitt þeim út lán sín óháð námsárangri.

Mestu skiptir að úrræði sem standa stúdentum á Íslandi til boða nái líka til íslenskra námsmanna erlendis. Sumarnámið við íslensku háskólana gerir það en Samband námsmanna erlendis hefur enn ekki fengið afgerandi svör um það hvort námsmenn sem stunda nám erlendis séu gjaldgengir í störfum sem hið opinbera ætlar sér að skapa fyrir námsmenn.

Tillaga 5

LÍS taka sannarlega undir tillögu um að styrktarsjóðir Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) verði efldir enn frekar. Í þessu samhengi má ekki gleyma stúdentum sem stunda verklegt nám, sér í lagi í skapandi greinum en starfsvettvangur þeirra byggir gjarnan á verktakavinnu. Því er gríðarlega mikilvægt að taka tillit til þess og auka fjárframlög í sjóði sem styðja við unga listnema í sinni sköpun með menningarlegt gildi að leiðarljósi, óháð nýsköpunar- og rannsóknargildi.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Ragnhildur Þrastardóttir

Ragnhildur Þrastardóttir, varaforseti LÍS

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Þingskjal 1268 - 733. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020.**

Nemendafélag Háskólans á Bifröst fagnar umræddri þingsályktunartillögu. Nemendafélagið vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri sem varða félagsmenn þess.

Varðandi lið 1:

Samkvæmt könnun sem send var út til allra nemenda Háskólans á Bifröst í lok mars, þar sem svarhlutfall var 41,4% nemenda við skólann, voru rétt tæp 65% félagsmanna í 76% vinnu eða meira. Það ætti að þykja eðlilegt að þeir sem eru í 76% vinnu eða meira eigi skilyrðislaust rétt á atvinnuleysisbótum missi þeir sína vinnu, algerlega óháð því hvort viðkomandi sé í lánshæfu námi hjá LÍN. Það ætti ekki að refsast því fólki fyrir að hafa valið að mennta sig með fram vinnu. Þó umrædd þingsályktunartillaga nái eingöngu til sumarsins 2020 lýsir Nemendafélagið yfir áhyggjum af því að félagsmenn þess njóti ekki sömu réttinda á atvinnumarkaði og aðrir launþegar fyrir það eitt að sýna þann dugnað að vera í miklu námi með mikilli vinnu. Þannig gagnrýnir þessi umsögn reglur um atvinnuleysisbætur til handa námsmönnum á almennum nótum, en ekki eingöngu í samhengi við sumarið 2020.

Nemendafélagið vill benda á að 62,4% félagsmanna Nemendafélagsins eiga barn yngra en 18 ára á sínu heimili. 44,8% félagsmanna eiga 2 börn eða fleiri. Skert atvinnumarkaðsréttindi félagsmanna gætu því komið mörgum barnafjölskyldum sérstaklega illa.

Í ljósi illa ígrundaðra reglna um atvinnuleysisbætur er fjárhagslega besti kostur þeirra nemenda sem missa sína vinnu eflaust í flestum tilvikum að segja sig úr námi og biðja eftir því að geta talist í virkri atvinnuleit. Á þeim biðtíma þarf þetta fólk þó að hafa í sig og á og er ekki útséð um hvernig viðkomandi eiga að fara að því. Reglur um atvinnuleysisbætur hvað varðar námsmenn byggja á þeirri hugsun að allir stundi línulegt nám, úr grunnskóla í menntaskóla og úr menntaskóla í háskóla, og klári sínar gráður án þess að hafa nokkurn tímann verið 100% þátttakendur á vinnumarkaði á þeim tíma utan sumartímans. Það á einfaldlega ekki lengur við – og þá allra síst á Bifröst. 87,5% nemenda við skólann eru 26 ára eða eldri og 45,3% nemenda við skólann eru 36 ára eða eldri. Rétt er að nefna að strax í lok mars höfðu 3,8% nemenda Háskólans á Bifröst misst vinnuna vegna veirunnar, samkvæmt áður nefndri könnun.

Atvinnumarkaðurinn setur síaukna kröfur á bæði aukna menntun þátttakenda á vinnumarkaði og að viðkomandi þekki nýjustu fræði. Þannig er algerlega eðlilegt að meðalaldur námsmanna

hækki og er það í raun hagur landsins að sem flestir þekki nýjustu fræði, óháð aldri. Háskólinn á Bifröst hefur komið til móts við þær kröfur en nú er nemendum skólans mismunað fyrir það eitt að hafa sýnt bæði metnað og dugnað.

Námsmenn sem einnig eru launþegar greiða í atvinnuleysistryggingasjóð. Þannig hafa námsmenn verið að borga of háar tryggingar og er því ljóst að annað hvort þarf ríkið að tryggja stúdentum rétt til atvinnuleysisbóta eða einfaldlega endurgreiða ofgreiddar tryggingar.


Vegna óvissu á atvinnumarkaði og vanhugsaðra reglna um atvinnuleysisbætur er einnig ljóst að enginn hvati er til staðar fyrir þá sem eru nú þegar á vinnumarkaði þess efnis að fara í nám. Í því samhengi má benda á að LÍN mun ekki greiða út námslán fyrir haustönn 2020 fyrr en í janúar árið 2021. Sömuleiðis má nefna að þeir almennu launþegar sem myndu vilja auka við sig í menntun hafa engan hvata til þess, ef þeir myndu við það missa rétt til atvinnuleysisbóta. Það er þó skiljanlega kannski ekki efst í huga þessa stundina að koma fólki á vinnumarkaði í nám – en það þýðir ekki að þeir sem eru á vinnumarkaði núna hafi ekki verið að hugsa um nám og hugsu sig nú tvisvar um sökum þeirrar réttindaskerðingar sem fylgir námi. Nemendafélagið veit að það er stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins að lækka meðalaldur námsmanna en telur þá stefnu vera á vissum villigötum og í takt við þá úreltu ímynd sem minnst var á um línulega þróun námsferils.

Að þessu sögðu er að sjálfsögðu ákveðinn hluti félagsmanna Nemendafélagsins sem fellur betur inn í almenna ímynd hins „týpíska“ stúdents. Þannig fylgir hér smáumfjöllun um aðstæður hins „týpíska“ stúdents og hvernig kerfið hefur gjörsamlega brugðist þeim hópi landsmanna á undanförunum árum og ýtt þeim á vinnumarkaðinn til að taka þátt í og styðja við ferðamannagóðærið.

Þannig má benda á niðurstöður EUROSTUDENT VI frá árinu 2016, þar sem Ísland sker sig úr í samanburði við Evrópu þegar kemur að fjárhagsáhyggjum þeirra námsmanna sem reiða sig á opinberan námsmannastuðning. Niðurstöðum könnunarinnar hefur ávallt verið tekið með fyrirvara sökum þess að svarhlutfall íslenskra háskólanema var rétt yfir 12%. Séu niðurstöður könnunarinnar settar í samhengi við þróun LÍN á allra síðustu árum er þó vísbending um að niðurstöður EUROSTUDENT VI hafi ekki verið ýkja villandi. Samkvæmt EUROSTUDENT VI upplifðu yfir 60% íslenskra námsmanna sem reiddu sig á opinberan námsmannastuðning, með öðrum orðum LÍN, að þeir væru í miklum fjárhagserfiðleikum. Ekki einhverjum fjárhagserfiðleikum – **miklum** fjárhagserfiðleikum. Næst á eftir Íslandi í þeim tölum kom Írland með rétt yfir 50%. Aðrar þjóðir voru fyrir neðan 50%. Fjárhagsstaða íslenskra

námsmanna almennt mældist ekki góð í þeirri könnun en í heildina töldu 34% námsmanna sig eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Það sker sig þó úr hversu margir sem reiddu sig á framfærslu LÍN töldu sig eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Þetta var þó árið 2016, ekki í miðri kórónukreppu ársins 2020. Hluti af því af hverju niðurstöðunum var tekið með fyrirvara var eflaust að kaupmáttur íslenskra námsmanna mældist þokkalega góður í sömu könnun. Það er þó kannski vísbending um að kaupmáttur ungs fólks sé minni en hann ætti að vera. Ekki er loku fyrir það skotið að hátt leiguverð spili þar sinn þátt. Kynslóðin eftir hrun er ekki að fara á nýbyggingafylleri eins og var hér á níunda áratugnum – raunar var hér nýbyggingabindindi lengi eftir hrun.


LÍN hefur augljóslega gjörsamlega brugðist hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður miðað við niðurstöður EUROSTUDENT VI, eins og sést best á þróun á fjölda lánþega frá námsárinu 2013-2014, en fjöldinn hefur gjörsamlega hrunið.



Eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan er LÍN í mikilli tilvistarkreppu og ekkert útlit er fyrir að það hafi mikið hægt á ferlinum frá árinu 2017 – en það eru þó engar nýrri opinberar tölur til um fjölda lánþega en frá námsárinu 2016-2017. Vert er að hafa í huga að fjöldi námsmanna hefur aukist til muna frá 20. öldinni, þegar fjöldi lánþega var nokkurn veginn á sama bili og árið 2017. Fjöldi lánþega námsárið 2016-2017 var 7.007, en umsóknir um lán það námsár voru 8.342. Samkvæmt orðum mennta- og menningarmálaráðherra í september 2019 voru umsóknir um lán námsárið 2017-2018 einungis 7.007. Þannig fækkaði umsóknum um 1.335 á milli ára og er því líklegt að fjöldi lánþega hafi verið í kringum 6.000 það námsár. Samkvæmt ársreikningi LÍN fyrir árið 2018 lækkaði heildarveiting námslána frá almanaksárinu 2017 úr 8.833 milljónum króna niður í 7.463,3 milljónir króna. Það verður varla skýrt nema með

fækkun lánþega. Það er því með öllu líklegt að fjöldi lánþega námsárið 2018-2019 hafi ekki verið í lægri tölu síðan á fyrri hluta níunda áratugarins, sé sem sagt kominn niður fyrir 5.631 lánþega – en það var fjöldi lánþega árið 1984 samkvæmt ársskýrslu LÍN árið 2006. Ef það er raunin að ekki hafi verið færri lánþegar síðan á fyrri hluta níunda áratugarins er ljóst að námsmenn á Íslandi í dag standa efnahagslega höllum fæti samanborið við fyrri kynslóðir – því ekki kemur lækkun á fjölda lánþega til vegna gríðarsterkrar fjárhagsstöðu námsmanna.

Þegar frumvarp til laga um námslán og námsstyrki (sem aldrei varð að lögum) var lagt fram á 145. löggjafarþingi 2015-2016 var það t.a.m. rökstutt með því að þróunin hefði verið sú að námslán hafi hækkað. Þó höfðu námslán á hvern lánþega farið lækkandi hægt og bitandi frá árinu 2010, þegar þau náðu skiljanlegum hæðum sökum efnahagshrunsins.



Mögulega gleymdist að reikna dæmið út frá vísitölu neysluverðs en líklega var frekar átt við sögulegt samhengi og að þróunin hefði ekki gengið til baka eftir hrun. Einnig gæti verið að vísað hafi verið til þess að námslán á hvern háskólanema á árunum rétt eftir hrun höfðu hækkað, eins og sjá má á mynd síðar í þessari umsögn, en þó hafði sú þróun gengið til baka árið 2015. Í þessu samhengi er kannski vert að minnst fyrri orða í þessari umsögn um kaupmátt ungs fólks í samhengi við háan húsnæðiskostnað – og þar með ætlaða aukna þörf námsmanna á hærri framfærslu.


Meðalaldur námsmanna hefur hækkað á þessari öld. Sú hækkun kemur líklega til út frá annars vegar aukinni kröfu atvinnulífsins um aukna menntun atvinnuþátttakenda og hins vegar því að ungt fólk hefur síður efni á því að einbeita sér að fullu að sínu námi. Í því samhengi má benda á rannsóknir þess efnis að fjárhagsáhyggjur hafi slæm áhrif á námsárangur og námsframvindu. Þannig er hækkandi meðalaldur námsmanna annars vegar eðlileg þróun sökum breyttra krafna

atvinnulífsins og hins vegar óeðlileg þróun sökum dræms kerfisstuðnings við ungt fólk. Þannig næst meðalaldur námsmanna ekki svo auðveldlega niður án þess að greina fyrst **hvers vegna** Íslendingar eru eldri en almennt í heiminum þegar þeir útskrifast með sínar gráður. Í því samhengi má nefna, eins og fram kemur síðar í þessari umsögn, að heildarfjöldi námsmanna á Íslandi hefur dregist saman samhliða gríðarlegri fækkun lánþega hjá LÍN. Efnaminna fólk leitar síður í nám og þegar þau fara í nám þá er það eftir að hafa unnið fyrir sínu námi. Það er ekki hægt að nýta eingöngu LÍN til að koma sér í gegnum nám, eins og sést glögggt á niðurstöðum EUROSTUDENT VI hvað varðar fjárhagserfiðleika þeirra námsmanna sem nýta sér LÍN. Þannig gagnast LÍN ekki öðrum en þeim sem *þegar hafa tryggar tekjur og/eða bakland sér til stuðnings*. Þannig er hlutverk LÍN, að tryggja landsmönnum tækifæri til menntunar óháð efnahag, flogið út um gluggann. Það hefur vissulega verið gert í þeim tilgangi að tryggja LÍN sem fjárhagslega sjálfbæra stofnun, en á kostnað þess að stofnunin sem slík gagnast ekki þeim sem ættu helst að nýta sér þjónustu hennar. Þannig *eykur níverandi lánasjóðskerfi við ójöfnuð í íslensku samfélagi*. Það er vissulega verið að ráðast í breytingar á því kerfi en það gagnast ekki í núinu – og í núinu er þörf.

Þrátt fyrir allt þetta hafa meðallán á hvern lánþega þó farið lækkandi frá árinu 2015 og voru árið 2017 frekar í takt við sögulegt samhengi. Það kemur ekki til vegna þess að fyrrnefnt frumvarp hafi verið samþykkt, svo eðlilegasta skýringin er sú að námsmenn hafi í auknum mæli leitað sér framfærslu á atvinnumarkaði. Tölur úr könnun EUROSTUDENT VI um fjárhagserfiðleika námsmanna eftir því hvaðan þeirra helsta framfærsla kom styðja við þá kenningu að á allra síðustu árum hafi verið aukinn hvati fyrir námsmenn þess efnis að sjá fyrir sér sjálfir, sem og tölur um fordæmalaus lækun í fjölda lánþega hjá LÍN – og eru þó kerfisbreytingar ársins 1992 teknar með í reikninginn. Einnig er vert að benda á að atvinnuleysi á landinu undanfarin ár hefur verið það lítið að í raun mætti tala um skort á framboði af vinnuafli. Þannig hafa námsmenn haft greiðan aðgang að framfærslu í atvinnulífinu – en það hægir þó eðlilega á meðalnámsframvindu að stúdentar hafi þurft að reiða sig á atvinnulífið til að hafa í sig og á. Námsmenn á vinnumarkaði svöruðu þó eftirspurn eftir vinnuafli og minnkuðu þörf á því að flytja vinnuafli inn til að svara eftirspurninni. Þannig hafa námsmenn stutt við atvinnulífið og vöxt síðustu ára og séð til þess að fjármagn hefur síður flotið úr landi sökum aðflutts vinnuafli. Nú er öldin þó önnur og þá á að skilja stúdenta eftir – eflaust er sú hugsun tilkomin vegna hugmyndarinnar um línulega þróun námsframvindu, og að námsmenn, sem ungt fólk, ættu að geta verið hjá foreldrum sínum. Það eru þó úreltar hugmyndir sem eiga ekki við íslenskan veruleika árið 2020. Þannig má sömuleiðis benda á það að ekki allir geta

reitt sig á stuðning foreldra. Í því samhengi nægir að benda á þann fjölda eldri námsmanna við Háskólann á Bifröst sem hafa að fullu verið þátttakendur í atvinnulífinu en eiga nú ekki rétt á atvinnuleysisbótum ef þeir hafa misst vinnuna. Miðað við aldursdreifingu þeirra og að 62,4% þeirra eigi barn undir 18 ára aldri má reikna með að margir þeirra eigi einnig börn yfir 18 ára aldri og að viðkomandi börn séu námsmenn. Að auki má benda á að ekki búa allir svo vel að eiga foreldra, og enn fleiri búa ekki svo vel að eiga efnamikla foreldra. Þannig má aftur benda á EUROSTUDENT VI, en þar kom fram að þeir íslensku námsmenn sem áttu ekki foreldra með háskólagráðu unnu að meðaltali 5 klukkustundum meira heldur en þeir námsmenn sem áttu foreldra með háskólagráðu. Það var með mesta mun í Evrópu – sem gefur ekki góða mynd af jöfnuði á Íslandi – og styður við þá fullyrðingu að LÍN hafi brugðist hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður.



Þegar heildarveiting námslána frá LÍN er framreiknuð að meðaltali vísitölu neysluverðs ársins 2018 má glöggst sjá að tölurnar hafa gjörsamlega hrunið frá árinu 2013. Þetta má sjá á næstu mynd.




Þetta er í beinu samhengi við þróun á fjölda lánþega hjá sjóðnum en myndin er sett fram til að varpa ljósi á þær gríðarlegu fjárhæðir sem hafa sparast á þessum áratug. Fjárhagsstaða LÍN hefur batnað til muna samhliða gríðarlegri fækkun lánþega og var handbært fé sjóðsins í lok árs 2018 yfir 13 milljarðar króna, eigið fé 104 milljarðar króna og skuldir 96 milljarðar króna. Þannig voru skuldir og eigið fé alls 200 milljarðar króna í árslok 2018. Það ætti því algerlega að vera LÍN kleift að bjóða eins konar hlutabótaleið fyrir námsmenn í sumar. Það myndi sömuleiðis tryggja virkni stúdenta samhliða fjárhagsöryggi þeirra, en virkni stúdenta hefur verið áhyggjuefni ríkisstjórnarinnar í orðræðu hvað varðar atvinnuleysisbætur til handa

námsmönnum. Við skulum líka gefa því gaum að íslenskir námsmenn eyddu yfir 50 klukkustundum á viku – að meðaltali – í vinnu og nám samkvæmt könnun EUROSTUDENT VI (enn og aftur – hæsta skorið í Evrópu) og að á námsmönnum er almennt gríðarlegt álag. Námsmenn eru ekki hræddir við virkni – svona að meðaltali.

Lítum nú á þrjár myndir.





Eins og kemur fram á fyrstu myndinni þá hefur íslenskum námsmönnum fækkað samhliða gríðarlegri fækkun í fjölda lánþega hjá LÍN – og miðað við fjárhagsstöðu námsmanna og gríðarlegs ójöfnuðar á vinnuþörf námsmanna eftir menntun foreldra þeirra er líklegt að sú þróun komi til vegna þess að efnaminna fólk á síður efni á því að fara í nám. Þannig er það einnig hluti af þeirri þróun að meðalaldur námsmanna fer hækkandi.

Á miðjumyndinni sést hlutfall lánþega hjá LÍN af heildarfjölda námsmanna. Það ætti ekki að koma á óvart að topparnir á þeirri mynd voru skólaárin 2008-2009 og 2009-2010. Hlutfall lánþega af heildarfjölda námsmanna lækkaði í kjölfarið og frá árinu 2013 hefur hlutfallið hrunið og er í engum takti við sögulegt samhengi. Miðað við tölur um fjölda lánaumsókna námsárið 2017-2018 sem vísað var til fyrr í þessari umsögn eru líkur á því að hlutfallið hafi áfram hrunið eftir námsárið 2016-2017, sem er síðasta árið sem vísað er til á myndinni.

Á síðustu myndinni sést að stuðningur LÍN við háskólakerfið sem heild hefur ekki verið lægri frá því að Hagstofan hóf að birta tölur um heildarfjölda námsmanna. Það er erfitt að fullyrða hvort hann sé í sögulegu lágmarki, enda LÍN 59 ára gömul stofnun, en þetta er þó í öllu falli minnsti stuðningur sem LÍN hefur veitt háskólakerfinu í áratugi.

Staða námsmanna er ekki til komin vegna ákvarðana þeirra sjálfa, heldur ákvarðana stjórnáráðs um hvernig ætti að tryggja hag námsmanna. Stjórnáráðið hefur **algerlega brugðist námsmönnum** eins og sést á þessum tölum – og nú á aftur að bregðast þeim.

Að öllum ofangreindum þáttum meðtöldum telur Nemendafélagið skýrt að liður 1 í þingsályktunartillögunni eigi óumdeilanlega að verða að veruleika. Námsmenn hafa staðið höllum fæti síðari hluta þessa áratugar og þó lagt sitt af mörkum þess efnis að samfélagið náði

sér eftir hrun og svo sannarlega skilað verðmætum inn í hagkerfið, um fram það sem mætti búast við frá þeim hópi landsmanna. Að neita stúdentum um rétt til atvinnuleysisbóta sýnir aldrei annað en skilningsleysi á stöðu stúdenta og vilja til að fórna námsmönnum – eflaust byggðan á úreltri ímynd um tvítugan háskólanema sem á góða og tekjuháa foreldra. Það er aldrei annað en veruleikafirring að byggja aðgerðir um námsmenn á úreltri staðalímynd og trú um að allir hafi greiðan aðgang að baklandi. Stundum er eina baklandið nefnilega íslenska ríkið – þrátt fyrir góðan vilja og mikinn dugnað. Síðari hluta þessa áratugar var helsta baklandið góð staða á atvinnumarkaði – ekki íslenska ríkið. Nú er ekki lengur góð staða á atvinnumarkaði og því þarf ríkið að taka við boltanum.

Að lokum afsakar Nemendafélagið lengd umsagnar þess við þennan lið þingsályktunartillögunnar en Nemendafélaginu þótti ástæða til að gera ítarlega grein fyrir því hvers vegna mál þetta er mikilvægt.

Varðandi lið 2:

Samkvæmt könnun Nemendafélagsins í lok mars fundu 77,1% nemenda við Háskólann á Bifröst fyrir Covid-kvíða, óháð sínum námsferli. Tölur frá könnunum annarra heildarsamtaka stúdenta á Íslandi sýna að sú háa prósentu var alls ekki skekkja.

Í tengslum við umfjöllun við lið 1 fyrr í þessari umsögn telur Nemendafélagið skýrt að námsmenn standi almennt höllum fæti fjárhagslega og geta þá síður leyft sér þann „munað“ að huga að geðheilsunni – sem ætti þó aldrei að vera munaður. Þeim námsmönnum sem líður illa eiga erfiðara með að einbeita sér að sínu námi og lýsir það sér þá í lengri námsframvindu eða brottfalli úr námi. Lengri námsframvinda og brottfall úr námi gagnast engum. Þannig tekur Nemendafélagið heils hugar undir lið 2.

Virðingarfyllst, f.h. Nemendafélags Háskólans á Bifröst,

Leifur Finnbogason, formaður

Umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema - SÍF vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19

Þingskjal 1268 – 733. mál
150. löggjafarþing 2019-2020

26. maí 2020

1. tl.

SÍF hvetur Alþingi til að samþykkja 1. ml. 1. tl. þingsályktunartillögunnar um að tryggja námsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta en skýrt þarf að vera í tillögunni að um er að ræða alla námsmenn, bæði framhaldsskóla- og háskólanemendur.

Framhaldsskólanemar líkt og aðrir námsmenn sjá fram á mikið atvinnuleysi og fjárhagslegt óöryggi á komandi mánuðum. Stór hluti nemenda reiðir sig á sumarvinnu til að geta framfleytt sér og í sumum tilfellum sinni fjölskyldu yfir vetrarmánuðina þegar þeir eru í skóla. **Ef litið er á samantekt Hagstofunnar frá 2018 má sjá að 70,1% ungmenna á aldrinum 18-25 ára unnu samhliða skóla og 82,1% voru í sumarvinnu. Því er sláandi að sjá að frá því í febrúar hefur fjölgun hefðbundinna atvinnuleitenda¹ verið mest hjá þessum aldurshópi, eða um 52%.** Ekki má gleymast að framhaldsskólanemar, 18 ára og eldri, eru ríflega 13.000, á öllum aldri, með mismunandi bakgrunn og fjölskylduaðstæður. Ekki allir nemendur hafa öryggisnet sem þeir geta leitað í þegar hallar undan fæti, því þarf að tryggja fjárhagslegt öryggi námsmanna með því að veita þeim rétt til atvinnuleysisbóta frá og með 1.júní.

Þá er enn ósvarað spurningunni **hvað með námsmenn sem ekki hafa náð 18 ára aldri?** Ekki má ganga út frá því að þeirra öryggisnet sé sterkara þrátt fyrir að vera ekki lögráða. Ef aftur er litið á samantekt Hagstofunnar frá 2018, þá unnu 55% 17 ára ungmenna samhliða skóla og 84,2% voru í vinnu yfir sumarmánuðina. SÍF vill sjá aðgerðir ráðamanna í þágu framhaldsskólanema undir 18 ára, fjölgun starfa í vinnuskólum sveitarfélaganna sem og niðurfellingu skólagjalda fyrir sumareiningar. Hið síðarnefnda ætti að gilda fyrir alla framhaldsskólanemendur í þeirri von um að fleiri nýti sér það sumarnám sem í boði verður enda virkni ungmenna ekki síður mikilvæg en að þau afli sér tekna. SÍF telur það afleitt að hugsa til þess að fleiri þúsund nemendur munu hvorki hafa vinnu né stunda nám í rúma tvo mánuði í sumar.

Varðandi 2. ml. 1. tl. þingsályktunartillögunnar þá styður SÍF að Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) móti aðgerðir til að bjóða upp á framfærslustyrk fyrir júní, júlí og ágúst fyrir námsmenn í hlutastarfi. Í **fréttatilkynningu** frá LÍN frá 13. maí 2020, má sjá að lánasjóðurinn hefur nú þegar komið af stað aðgerðum til að koma til móts við þarfir háskólanema. **SÍF vill þó undirstrika mikilvægi þess að rýmka úthlutunarreglurnar enn frekar og gefa framhaldsskólanemum færi á að nýta sér aðgerðir LÍN, ekki aðeins iðn- og verkema heldur einnig bóknámsnema.** Líkt og komið hefur fram í umsögnum SÍF vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna þá fá bóknámsnemendur í framhaldsskólum annarsstaðar á Norðurlöndunum fjárhagslegan stuðning stjórnvalda, ýmist í formi styrkja eða lána. Skýtur það skökku við þegar íslenskir framhaldsskólanemar þurfa að greiða

¹ Þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall

meira fyrir skólagögn en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum líkt og segir í [frétt Velferðarvaktarinnar](#). Því telur SÍF að nú sé lag, í því ástandi sem ríkir, að rétta af þennan mismun sem íslenskir framhaldsskólanemar búa við. Með því móti mætti taka skref í áttina að því að draga úr háum brottfallstölum á Íslandi en í [skýrslu Norræna ráðherraráðsins frá 2018](#)² kemur fram að brottfall ungs fólks úr skóla er umtalsvert hærra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum og að meðaltali í Evrópu. Er orsökina meðal annars rakin til mismunandi stuðnings við námsmenn sem SÍF telur vera hreint stuðningsleysi, sér í lagi við bóknámsnemendur.³

2.tl.

SÍF hvetur Alþingi til að samþykkja 2.tl. þingsályktunartillögunnar en leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að framhaldsskólar verði einnig settir undir þann lið, þ.e.a.s. að sú sálfræðiþjónusta sem boðið er upp á í nokkrum skólum landsins verði tryggð en ekki aðeins í boði þegar vel stendur á. Þá þarf að tryggja aðgang að sálfræðingum innan veggja allra framhaldsskóla landsins, óháð stærð og staðsetningu, eigi síðar en strax.

Í nýlegri [könnun](#) sem SÍF framkvæmdi dagana 1. apríl - 27. apríl til að fá innsýn inn í stöðu og líðan framhaldsskólanema vegna COVID-19, sögðust 57,9% nemenda finna fyrir kvíða af einhverju tagi í þeim aðstæðum sem nú eru og 56,1% finna fyrir depurð.

SÍF hefur lengi talað fyrir því að sálfræðingar verði aðgengilegir í öllum framhaldsskólum landsins enda gefið góða raun í þeim skólum þar sem þeir eru nú þegar starfandi. **Telur félagið að ofangreindar tölur sýni svart á hvítu að þörfin fyrir skólasálfræðinga er brýn hér og nú enda ljóst að margir eiga um sárt að binda í þjóðfélaginu á COVID-19 tímum og líklegt að biðlistar eftir sálfræðingum á heilsugæslunni munu lengjast í samræmi við það.** Því mun fjölgun sálfræðinga þar ekki nýtast nemendum sem skyldi og mikilvægt nú sem aldrei fyrr að nemendur hafi greiðan aðgang að þjónustunni innan veggja síns skóla.

4 .tl.

SÍF hvetur Alþingi til að samþykkja 4.tl. þingsályktunartillögunnar. **Tillagan samræmist þeim kröfum sem félagið setti fram í [ályktun](#) sinni um stöðu iðnnema vegna COVID-19 þann 19. mars 2020.**

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 misstu margir iðnnemar starfsnámssamninga sína og eru nemendur áhyggjufullir að það endurtaki sig. **Í niðurstöðum könnunnar SÍF um stöðu og líðan framhaldsskólanema vegna COVID-19 kemur fram að iðnnemar hafa misst samningana sína á undanförunum vikum og enn fleiri bíða í óvissunni um hvort þeir haldi sínum samningi. Eins og nefnt er hér fyrir ofan var könnunin framkvæmd í apríl og hefur atvinnuástandið á landinu tekið snarpar beygjur síðan þá og allar líkur á að staða iðnnema hafi versnað hvað varðar starfsnám. SÍF tekur undir það sem fram kemur í tillögunni að setja þarf aukið fjármagn í Vinnustaðanámssjóð enda ljóst**


² Bls.90

³ „Student support structure differs between Iceland and the other Nordic countries, many adolescents have easy access to and must work to finance living and study, making students more vulnerable to not completing their studies.“

að halla mun undan fæti hjá mörgum meisturum á komandi misserum og er úthlutun úr sjóðnum skammarlega lítil fyrir.

Á sambandsstjórnarþingi SÍF dagana 7.- 8. mars 2020, þar sem forsvaraðilar nemendafélaga framhaldsskólanna komu saman og ræddu um hagsmunamál nemenda, **var eitt helsta áhyggjuefnið að nemendur gætu ekki lokið námi á tilskildum tíma vegna ástandsins sem hefur skapast vegna COVID-19. SÍF leggur áherslu á að þeim nemendum sem er skylt að ljúka starfsnámi til þess að útskrifast úr iðnnámi sé tryggt að þeir geti lokið námi á tilskildum tíma.**

F.h. SÍF,



Jóhanna Steina Matthíasdóttir, forseti

Reykjavík 20. maí 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 1268 – 733. mál.

Sálfræðingafélag Íslands fagnar því að bætt aðgengi að geðheilbrigðisþjónusta sé hluti af aðgerðum í þágu námsmanna vegna COVID-19.

Fram kemur í greinargerð með ályktuninni að borið hafi á auknum kvíða á meðal almennings sem mikilvægt sé að bregðast við með auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir háskólanema. Telur Sálfræðingafélag Íslands ekki síður mikilvægt að framhaldsskólanemum sé einnig tryggt aðgengi að sálfræðiþjónustu. Mikilvægt er að gætt sé að jafnræði á meðal allra námsmanna óháð tegund náms eða skólastigs. Framhaldsskólar hafa sumir hverjir boðið upp á sálfræðiþjónustu með góðum árangri. Mikill vilji er innan framhaldsskóla til að bjóða upp á sálfræðiþjónustu. Framhaldsskólanemar hafa einnig ítrekað óskað eftir sálfræðiþjónustu í skólunum. Þörfin hefur verið til staðar og vegna núverandi aðstæðna verður aðgengi að sálfræðiþjónustu enn mikilvægari.

Mikið hefur verið rætt um Covid-19 kvíða sem eðlilega kemur upp en líklega fara aðrir erfiðleikar að koma fram á næstu misserum. Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 kom í ljós að geðvandi og erfiðleikar vegna álags kom fram hjá almenningi að mestu nokkuð síðar en hrúnið sjálft. Við mikið álag koma álagstengdir erfiðleikar yfirleitt fram þegar álagið hefur verið viðvarandi í nokkurn tíma. Því er mikilvægt að stjórnvöld tryggi að námsmenn hafi auðvelt og öruggt aðgengi að sálfræðiþjónustu þegar þess gerist þörf.

Sálfræðingafélag Íslands telur að 15 þúsund króna niðurgreiðsla á sálfræðiþjónustu á mánuði til 1. september sé alltof lítið í of stuttan tíma. Til að sálfræðimeðferð skili sem bestum árangri er mælt með að unnið sé eftir klínískum leiðbeiningum Embætti landlæknis. Sálfræðingafélag Íslands telur mikilvægt að ríkisfjármunum sé beitt með ábyrgum hætti og að fjárfest sé í meðferðum sem rannsóknir sýna að séu árangursríkar. Því ætti niðurgreiðslan að fara eftir þörfum skjólstæðingsins (meðferðarþörf) frekar en ákveðinni upphæð á mánuði. Sálfræðingafélag Íslands telur að til að tryggja megi aðgengi að sálfræðiþjónustu og minnka líkur á að námsmenn lendi á löngum biðlistum eftir þjónustu sé heppilegast að setja sálfræðiþjónustu undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga. Þannig megi tryggja öllum námsmönnum, óháð efnahag, aðgengi að viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu.

Fyrir hönd stjórnar Sálfræðingafélags Íslands
Tryggvi Ingason, formaður



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19

Þingskjal 1268 — 733. mál.
150. löggjafarþing 2019-2020

4. maí 2020

Um 1. tl. tillögunnar

Stúdentaráð hvetur Alþingi til þess að samþykka 1. ml. 1. tl. [tillögunnar](#) um að tryggja námsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta. Tillagan er í samræmi við [kröfur Stúdentaráðs frá 12. apríl](#) sl., útgefnu efni ráðsins frá [30. mars](#) og [22. apríl](#).

Til jafns við aðra, greiða stúdentar sem vinna með námi tryggingargjald af launum sínum sem standa á undir atvinnuleysistryggingasjóði. Á sama tíma eiga stúdentar engan rétt úr sjóðnum. Hæglega væri hægt að rökstyðra réttindi þessa hóps til atvinnuleysisbóta, auk þess á nám að teljast vera full vinna. Öllum landsmönnum, **sem þess þurfa**, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, en eins og staðan er í dag verða stúdentar án atvinnuleysisbóta þegar **þörfin hefur sjaldan verið meiri**. Því ættu óvenjulegar aðstæður og skylda íslenskra stjórnvalda til að tryggja rétt landsmanna til viðunandi lífsafkomu að verða til þess að stúdentar hafi þennan rétt komandi sumar.

Í desember 2009 var sú breyting samþykkt á atvinnuleysistryggingarkerfinu að námsmenn geti ekki talist tryggðir innan þess, sjá [lög nr. 134/2009](#). Sumarið 2009 stóð réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta því óhaggaður, sem er sumarið eftir hrun og SHÍ telur sambærilegt þessu sumri. Líta ætti til réttar stúdenta til atvinnuleysisbóta sumarið 2009 og fyrr og gera lagaumhverfið þannig að stúdentar fái aftur rétt til atvinnuleysisbóta. Eurostudent hefur sýnt að [71%](#) námsmanna á Íslandi telji að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi.

[Fjölgun](#) hefðbundinna atvinnuleitenda eftir aldri frá febrúar var mest meðal yngsta aldurshópsins 18 til 24 ára eða um 52%. Þessar sláandi tölur um atvinnuleysi í landinu innihalda ekki atvinnulausa stúdenta. Tæp 70% stúdenta vinna þó með námi, sbr. [Eurostudent](#) og [könnun SHÍ](#). Við spurðum þann hóp sem vinnur með námi, hvort þeir kæmust af fjárhagslega án hlutastarfsins en 47% sögðust ekki geta það. 38% sögðust geta komist af en eiga erfitt með það. Aðeins 16% segjast komast auðveldlega af án hlutastarfsins. Eurostudent hefur sýnt að [71%](#) námsmanna á Íslandi telji að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi.

Samkvæmt könnun SHÍ frá apríl byrjun, eru 40% stúdenta HÍ ekki komnir með sumarstarf en voru að leita sér að starfi. Í HÍ stunda rúm 13.000 manns nám og er 40% þeirra, um 5.200



Stúdentaráð Háskóla Íslands

manns. Á landinu öllu eru rúmlega 17.000 stúdentar og 40% þeirra er um 7.000 einstaklingar. Sem fyrr segir er könnunin frá byrjun apríl og taka þessar tölur því mið af stöðunni áður en gríðarlegt magn hópuppsagna fór af stað í íslensku samfélagi. Þá kann að vera að staðan sé jafnvel verri í öðrum háskólum:

- LHÍ. könnun frá 17-20 apríl.:
 - *Einungis 14,2 eru komin með tryggða sumarvinnu og önnur 20% telja sig líklegast með öruggt sumarstarf. Af því leiðir að 65,8% eru óörugg með vinnu í sumar.*
 - *70,8 % telja aðstæðurnar vera hafa áhrif á möguleika sína á sumarstarfi núna í sumar, 13,3% eru óviss.*
 - *81,1% upplifa auknar fjárhagsáhyggjur vegna COVID-19, að litlu, einhverju eða mjög miklu leiti. Stærstur er síðast nefndi hópurinn en tæp 35% upplifa mjög mikla auknar fjárhagsáhyggjur*

Tæp 20% stúdenta HÍ óttast að einhverju leyti að þeir **missi húsnæði sitt**. Þá spurðum við úti fjárhagsáhyggjur á skalanum 1-10 og höfðu 53% stúdenta **fjárhagsáhyggjur** á stigi 6 eða yfir. Foreldrar höfðu töluvert meiri áhyggjur sem og einstaklingar í leiguhúsnæði en í báðum þessum hópum voru 64-65% svarenda með fjárhagsáhyggjur á stigi 6 eða yfir. Foreldrar í námi á Íslandi er rúmlega þriðjungur námsmanna skv. könnun Eurostudent. Eins og staðan er í dag er því um fjölskyldur að ræða sem horfa margar fram á framfærslulaust sumar.

Krafa stúdenta um rétt til atvinnuleysisbóta er ekki lögð fram í hugsunarleysi eða tómarúmi. Staðan er einfaldlega þannig að margir standa frammi fyrir gríðarlegri óvissu og þrá öryggi, þrá að vita að þeir geti átt fyrir grunnþörfum barna sinna, leigu sinni, þrá að vita að þeir geti haldið áfram námi næsta haust en þurfi ekki að skrá sig úr námi til að geta skráð sig á atvinnuleysisbótaskrá og þar með haft aðgang að einhverskonar framfærsluástoð ríkisins. Námsmenn án framfærslu mun verða byrði á samfélaginu og sveitarfélögunum og það mun leiða til brottfalls úr námi. Samstarfsnefnd háskólastigsins sem skipuð er öllum rektorum háskóla landsins styður erindi stúdenta um að stúdentum verði gefinn rýmri réttur til atvinnuleysisbóta í lögum um atvinnuleysistryggingar skv. [bréfi](#)* frá 26. mars. Samstarfsnefndin metur það svo að það er **nauðsynlegt á þessum óvissutímum að standa vörð um fjárhagsöryggi stúdenta**.

Hvað seinni tillöguna í 1. tl. varðar telur Stúdentaráð hugmyndina áhugaverða en jafnframt þarf að huga vel að útfærslu hennar. Skilningur Stúdentaráðs er sá að með tillögunni sé gert ráð fyrir að Lánasjóðurinn taki sér að vissu marki hlutverk Vinnumálastofnunar í hlutabótaleiðinni. Hér þarf að huga að því hvort framfærslustyrkir af þessu tagi eigi að vera háðir lántöku, hvort sem er yfir sumarið eða á fyrri skólaönnum. Nú þegar er í boði fyrir námsmenn að fá lán fyrir námi á sumarönn en framfærslustyrkur af þessu tagi væri þá sérstakur að því leyti að um væri að ræða lán eða styrk frá Lánasjóðnum sem ekki væri háð



Stúdentaráð Háskóla Íslands

námsframvindu yfir aðstoðartímann. Aðgerð af þessu tagi væri því óvenjuleg en að mati Stúdentaráðs ekki óskynsamleg. Góð eiginfjárstaða sjóðsins býður upp á tímabundna útvíkkun réttinda hjá sjóðnum og ef vilji löggjafans er til þess að sjóðurinn rói á þessi mið er Stúdentaráð til reiðu búíð að taka þátt í útfærslu úrræði síns.

Um 2. tl. tillögunnar

Stúdentaráð hvetur til samþykktar á 2. tl. tillögunnar um að bæta geðheilbrigðisþjónustu námsmanna. Tillagan er í samræmi við herferð Landssamtaka íslenskra stúdenta sem Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur tekið þátt í. Í dag starfa þrjú sálfræðingar við Háskóla Íslands í 50% starfi hver. Þeim er ætlað að þjónusta 13.000 nemendur og eru biðlistar í einstaklingsviðtöl því skiljanlega langir. Önnur úrræði á borð við HAM-hópmeðferðir og sálfræðiráðgjöf klínískra sálfræðinema standa stúdentum einnig til boða og hefur átak Stúdentaráðs í geðheilbrigðismálum sem staðið hefur yfir síðustu 3 ár, skilað góðum árangri innan Háskóla Íslands. Betur má ef duga skal og eru enn stúdentar sem komast ekki að í sálfræðiráðgjöf eða geðheilbrigðisþjónustu sem þó sækjast eftir því. Framtali sem háskólinn hefur staðið undir sjálfur og sinnt vel ber ríkinu að styðja og gera enn hærra undir höfði.

Um 5. tl. tillögunnar

SHÍ hvetur til samþykktar á 5. tl. tillögunnar um að efla rannsóknarsjóði enn frekar og ætti að huga sérstaklega að fjármagni í grunnrannsóknir.

Að lokum

Leiðir ríkisstjórnarinnar um sumarstörf, og það fjármagn sem lofað hefur verið, er vissulega hluti þess sem við höfum kallað eftir og því ber að fagna. Á sama tíma grípa aðgerðirnar ekki alla og þeir stúdentar sem eftir standa hafa engin fjárhagsleg úrræði. Stúdentar sem ekki eiga bakland eða eru verr staddir félagslega, lenda undir. Til SHÍ leita stúdentar sem sjá ekki fyrir sér að eiga í sig og á, eiga ekki fyrir skrásetningargjöldum, námsbókum eða almennum lífsnauðsynlegum útgjöldum í sumar og næsta haust. Betur má ef duga skal.

Stúdentaráð ítrekar [kröfur ráðsins](#) 12. apríl og Stúdentaráð hvetur allsherjar- og menntanefnd Alþingis til þess að gefa stúdentum sama kost og aðrir landsmenn, á úrræði atvinnuleysisbóta ef allt annað þrýtur.

Fyrir hönd ráðsins

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar-og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26.maí 2020

Efni: Umsögn Öryrkjabandalag Íslands um þingsályktunartillögu um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19, 733.mál


Öryrkjabandalag Íslands tekur undir það að tryggja verði framfærslu námsmanna yfir sumartímann. Atvinnuleysi hefur aukist mikið í kjölfar COVID-19 og því tækifæri námsmanna til sumarstarfa takmörkuð. ÖBÍ fagnar því að stjórnvöld hafi farið í sérstakt átak með það að markmiði að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn en ljóst er að framboðið uppfyllir ekki eftirspurnina. Tryggja verður að fatlaðir nemendur fái tækifæri til sumarstarfa til jafns við aðra námsmenn og er vísað í 27. gr.samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks „að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnumarkaði“. Atvinnuleysi á Íslandi hefur aukist gríðarlega í kjölfar COVID-19 og sjá margir námsmenn fram á að eiga í alvarlegum fjárhagsvanda og hætta er á að brottfall aukist ef fólk sér ekki aðra lausn en að skrá sig úr skóla til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. ÖBÍ leggur til að horfið verði frá þeirri tillögu að í boði verði greiðsludreifingu á skráningargjöldum opinberu háskólanna og í stað þess verði þau felld niður til að sýna námsmönnum stuðning. ÖBÍ tekur undir það að tryggja verði þeim námsmönnum sem ekki fá störf rétt til atvinnuleysisbóta.

ÖBÍ fagnar því að auka eigi aðgengi námsmanna að geðheilbrigðisþjónustu en harmar að um afar tímabundna aðgerð sé um að ræða. Í greinargerðinni kemur fram að námsmenn eigi að fá allt að 15.000 króna endurgreiðslu á mánuði vegna útlagðs kostnaðar við sálfræðiþjónustu fram til 1. september. Það gefur auga leið að slíkar aðferðir eru ekki til þess fallnar að greiða aðgengi að sálfræðiþjónustu nema að afar litlu leyti. Fara verður í varanlegar aðgerðir til að tryggja sálfræðiþjónustu, ekki einungis í háskólunum landsins heldur á öllum skólastigum.

ÖBÍ leggur til að sálfræðipjónusta falli undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands til að tryggja að þjónustan sé raunhæfur kostur fyrir allt fólk óháð samfélagsstöðu.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir

formaður ÖBÍ